

# NÁMSÁÆTLUN

**Heiti áætlunar:** Danska

**Hópur:** 9. bekkur

Áfangamarkmið úr Aðalnámsskrá

**Danska**

**Tímabil:** 21.09.2015-21.10.2015

**Nafn:** Helga Gunnarsdóttir

## Hlustun

- skilji og geti farið eftir nákvæmum fyrirmælum, t.d. leiðarlýsingum, upplýsingum og leiðbeiningum
- geti skilið í grófum dráttum aðalatriði í stuttum sérvöldum brotum úr sjónvarpsþáttum sem fjalla um efni sem hann hefur innsýn í
- geti skilið aðalatriði venjulegs talmáls í samtölum tveggja og frásögnum þegar fjallað er um málefni úr daglegu lífi hans eða í viðfangsefni sem fjallað er um í öðrum þáttum dönskunámsins
- skilji fyrirhafnarlítið þegar talað er beint við hann um málefni sem hann þekkir og hefur fengist við
- fylgi nokkuð auðveldlega atburðarás í frásögn þar sem hann getur sett sig inn í aðstæður

## Lestur

- geti lesið léttlestrarbækur fyrirhafnarlítið sér til gagns og ánægju
- geti skilið megininntak lengri texta með því að geta sér til um merkingu orða út frá samhengi, t.d. í smásögum, frásögnum og endursögnum
- geti við lestur fundið tiltekna upplýsingar, t.d. á Neti, í blöðum og bæklingum
- geti skilið fyrirmæli, leiðbeiningar og valda stutta texta þar sem nákvæmnisskilnings er þörf
- geti fyrirhafnarlítið lesið stuttar greinar, blaðagreinar á léttu máli og léttar smásögur

## Ritun

- geti skrifað stutta texta (80-100 orð) frá eigin brjósti og notað orðaforða sem hann hefur tileinkað sér
- geti skrifað nokkrar einfaldar textagerðir, hvort heldur sem um er að ræða skapandi skrif eða stýrð verkefni
- geti skrifað einfalda texta í nútíð og þátíð þar sem notaðar eru algengustu samtengingar, t.d. som, og, fordi, at
- geti skrifað einfaldar endursagnir, t.d. út frá hlustun eða lestri

## Talað mál - frásögn

- geti endursagt stutta texta eða frásagnir með aðstoð minnisþunkta og hjálparorða
- geti með einföldum hætti lýst útliti, persónuleika og lífnaðarhátum fólks auk atburða og fyrirætlana í daglegu lífi

## Talað mál - samskipti

- geti átt í einföldum orðaskiptum við aðra og haldið samræðum gangandi og umorðað þegar orðaforða þrýtur
- geti hrósað öðrum, látið í ljós þakklæti, ánægju eða óánægju og borið fram kvartanir
- geti tjáð sig um einföld og fastmótuð verkefni sem þarfnast einfaldra og beinna tjáskipta um efni sem hann þekkir

- geti notað grunnorðaförða í efnisflokkum, sem fjallað hefur verið um, á eigin forsendum í nýju samhengi
- geti beðið viðmælanda um að endurtaka, útskýra eða að segja með öðrum orðum það sem sagt var til að fullvissa sig um gagnkvæman skilning

#### Þrepamarkmið úr Aðalnámsskrá

### Danska

#### Hlustun

- skilji aðalatriði í töluðu máli þegar fjallað er um málefni úr daglegu lífi hans og málaflokka og viðfangsefni sem unnið er með í öðrum þáttum dönskunámsins
- geti greint og skilið lykilatriði úr t.d. tilkynningum, frásögnum og samtölum
- skilji flest venjuleg fyrirmæli og leiðbeiningar í tali kennara, nemenda og í þar til gerðu hlustunarefni á snældum eða myndbandi

#### Ritun

- geti skrifað stutta texta (60-100 orð) út frá lykilorðumgeti unnið með einfalda útgáfu af ferlisritun
- geti skrifað hálfbundnar ritunaræfingar í ríkari mæli, t.d. út frá myndum, fyrirmælum eða lýsingu á aðstæðum sem tengjast efnisflokkum sem unnið er með

#### Talað mál

- geti notað einfaldan orðaförða um skoðanir sínar og tilfinningar
- geti brugðist við beiðnum eða spurningum með útskýringum eða lýsingum
- hafi réttan framburð á u og i, -ig, -ej og -eg

#### Námsgögn

- Smil lesbók og vinnubækur, dönsk málfræði, dönsk tónlist, danskt sjónvarpsefni og danskar kvikmyndir.

#### Kennsluáðferðir

#### Bein kennsla

Innlöng kennara á viðfangsefni hvers tíma fyrir sig. Farið yfir orðin sem þarf að glósa, hvað þýða þau og hvernig þau eru borin fram. Kennarinn ber þá fram orðin og nemendur á eftir til þess að tryggja sem réttastan framburð.

Farið yfir orð og merkingu þeirra á íslensku til þess að nemendur

#### Námsmat

#### Mat á frammistöðu í tímum

Frammistaða og virkni í tímum gildir 10% af heildareinkunn hvernar annar.

#### Skriflegt próf

Í lok hvorrar annar eru skrifleg próf sem gilda 40% af lokareinkunn.

#### Vinnubók

Vinnubók og önnur verkefni sem ætalst er til að nemendur vinni á hvorri önn eru metin í lokaeinkunn og gilda 10% af

öðlistgrunnorðaförða í dönsku.

### **Hlustunarefni**

Til að æfa og þjálfá skilning á dönsku.

### **Tónlist**

Kynna fyrir nemendum danska tónlist til þess að ýta undir frekari áhuga á tungumálinu og um leið að ýta undir skilning og orðaförða í dönsku.

### **Umræður**

Æfa framburð, talað mál og grunnorðaförða í dönsku.

### **Aðrar kennsluáferðir**

Danskar kvikmyndir og danskt sjónvarpsefni verður notað í kennslu til að þjálfá skilning og kynna betur fyrir nemendum menningu landsins. Í einhverjum tilfellum vinna nemendur verkefni út frá því sem horft er á en þess á milli er á efnið frekar að ýta undir áhuga á dönsku og menningu Dana.

Unnið með orð af orði, orð dagsins, til að ýta undir skilning og orðaförða.

lokaeinkunn.

### **Kannanir**

Á hvorri önn eru fjórar kannanir í óreglulegum sögnum. Hver könnun gildir 5% af lokaeinkunn.

### **Annað mat**

Verkefni sem nemendur vinna í 3. dönskutímanum (áformstímum) eru 20% af lokaeinkunn hvorrar annar.

Þessi verkefni eru ekki uppúr námsbókunum í staðin eru þau unnin í tengslum við danskt sjónvarpsefni, lestur á léttlestrarefni á dönsku og frjálsri skrift um ákveðið efni.

Annað

Dönskutímar fara eins mikið og hægt er fram á dönsku og eru þá nemendur líka hvattir til þess að spreyta sig á tungumálinu í kennslustundum.

# NÁMSÁÆTLUN

---

**Heiti áætlunar:** Enska 9.bekkur

**Hópur:** 9. bekkur

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

**Enska**

**Talað mál - frásögn**

- geti gert grein fyrir því sem hann hefur lesið um, hlustað eða horft á og sett fram skoðun
- geti flutt undirbúna kynningu um kunnuglegt efni

**Talað mál - samskipti**

- geti óundirbúið tekið þátt í samræðum um persónuleg og kunnugleg málefni
- geti bjargað sér við algengar aðstæður daglegs lífs, t.d. spurst fyrir, leitað sér aðstoðar

Prepamarkmið úr Aðalnámskrá

**Enska**

**Tímabil:** 30.09.2015-10.06.2016

**Nafn:** Sigurður Heiðarr Björgvinsson

### **Hlustun**

- þjálfist í að hlusta markvisst eftir ákveðnum orðaforða
- geti skilið fyrirhafnarlítið þegar talað er um málefni sem hann þekkir
- geti skilið meginefni þegar nokkrir tala saman
- geti notað hlustunarefni til að vinna með t.d. í ferlisverkefnum
- geti skilið hlustunarefni sér til fróðleiks

### **Lestur**

- geti lesið bókmenntaefni við hæfi sér til ánægju
- átti sig á hvenær nauðsynlegt er að skilja lesefni til hlítar, s.s. leiðbeiningar, fyrirmæli o.s.frv.
- geti leitað ákveðinna upplýsinga í texta
- þjálfist í að vinna með orðaforða í tengslum við texta
- geti lesið fræðsluefni eftir áhugasviðum

### **Ritun**

- kunnir nokkur skil á hvernig skrifað er í mismunandi tilgangi
- geti skrifað skiljanlega, skipulega og viðeigandi samfellda texta á nokkuð réttu máli, s.s. bréf, persónuleg og ópersónuleg, skýrslur, gagnrýni
- geti tjáð sig skriflega um efni sem hann hefur horft á, lesið um eða heyrt um
- geti tjáð hugsanir sínar og skoðanir á persónulegum málefnum
- þjálfist í að vinna með orðaforða í ritunarverkefnum

### **Talað mál**

- geti gert munnlega grein fyrir efni sem hann hefur lesið um, hlustað á eða horft á
- geti notað ensku á lipran hátt í persónulegum samskiptum, m.a. tjáð skoðanir sínar og tilfinningar og brugðist við samsvarandi upplýsingum frá öðrum
- geti notað ensku til samskipta í skólastofunni
- geti gefið upplýsingar um valda þætti í íslenskri menningu, náttúru og umhverfi

### **Námsgögn**

---

- Spotlight 9 Lesbók og vinnubók
- Ýmislegt efni til áhorfs og hlustunar
- Ljósrit frá kennara

### **Kennsluaðferðir**

---

#### **Bein kennsla**

Farið sameiginlega yfir námsefnið og helstu

áhersluatriði tekin fyrir á töflu.

### **Fræðslumyndir**

Sýndar verða kvikmyndir eða stuttir þættir og myndskreið sem tengjast umfjöllunarefninu hverju sinni.

### **Hlustunarefni**

Nemendur hlusta á upplestur á hluta af námsefninu og vinna verkefni út frá því.

### **Hlutverkaleikir**

Nemendur setja sig inn í tiltekna aðstæður og leika hlutverk sem krefjast þess að notaður sé sá orðaforði sem verið er að vinna með á þeim tíma.

### **Umræður**

Rætt verður um það efni sem er til umfjöllunar hverju sinni og nemendur hvattir til að leggja eitthvað til málanna á ensku.

# NÁMSÁÆTLUN

---

[Prenta](#)

**Heiti áætlunar:** Heimilisfræðival

**Hópur:** 9. bekkur

Þrepamarkmið úr Aðalnámskrá

**Heimilisfræði**

**Aðrir þættir**

- sýni samábyrgð og hæfni til að vinna með öðrum

**Hreinlæti**

- tileinki sér hreinlæti við matreiðslustörf

**Tímabil:** 21.09.2015-20.01.2016

**Nafn:** Dagný Rósa Úlfarsdóttir



- læri hvernig á að halda heimili hreinu (eldhús, salerni, gluggar, gólf, skápar, skúffur o.fl.)
- þekki helstu dreifingarleiðir örvera og þann skaða sem þær geta valdið (matareitranir/-sýkingar)
- temji sér að nota hreinlætisvörur í hófi og velja umhverfisvænar vörur
- öðlist færni í að þvo upp í höndum og uppþvottavél og halda hreinum tækjum og áhöldum

### **Matreiðsla og vinnubrögð**

- þjálfist í að matreiða fjölbreyttan og hollan mat samkvæmt Ráðleggingum Lýðheilsustöðvar um mataræði og næringarefni
- öðlist færni í að nota helstu matreiðsluaðferðir
- þekki helstu þjóðarrétti Íslendinga og matarmenningu
- viti að matreiðsluaðferðir hafa áhrif á gæði og hollustu matarins

### **Matvælafræði**

- þekki algengustu matvæli á markaðnum og geti lagt mat á gæði þeirra

### **Neytendafræði og umhverfisvernd**

- leggi mat á auglýsingar og upplýsingar
- taki þátt í umræðum um ráðstöfun eigin fjár

### **Næring og hollusta**

- skrái í fæðudagbók fæði í einn dag og meti niðurstöður með hjálp upplýsingatækni
- læri um kvilla og sjúkdóma sem tengjast mataræði, svo sem lystarstol, lotugræðgi, offitu, sykursýki, ofnæmi og óþol
- þjálfist í að setja saman máltíðir samkvæmt Ráðleggingum Lýðheilsustöðvar um mataræði og næringarefni og ráðlögðum dagskömmtum (RDS)

### **Námsgögn**

- Ég er það sem ég vel, efni fyrir 8. og 9. bekk
- Fjármálalæsi
- Matur og menning
- Næring og lífshættir
- Uppskriftir frá kennara
- 
- 

Kennsluaðferðir

---

Námsmat

---

**Bein kennsla**  
**Hópverkefni**  
**Sköpun**  
**Upplýsingartækni**  
**Verklegar æfingar**  
**Vettvangsferðir**  
**Viðfangsefni tengd daglegu lífi**  
**Yfirferð námsefnis**

**Kannanir**  
**Mat á frammistöðu í tímum**  
**Sjálfstæð verkefni**  
**Vinnubók**

**Annað**

Nemendur í 8. og 9. bekk eru saman í valhópi í heimilisfræði. Verkefni tengd daglegu lífi, fjölbreyttar uppskriftir skoðaðar og unnið eftir þeim. Nemendur vinna kennslumyndband í matreiðslu/bakstri, fara í vettvangsferðir og velta fyrir sér neytenda- og umhverfisfræði.

# NÁMSÁÆTLUN

---

[Prenta](#)

**Heiti áætlunar:** Íslenska9

**Hópur:** 9. bekkur

Þrepamarkmið úr Aðalnámskrá

**Íslenska**

**Bókmenntir**

- geti fjallað um form og byggingu ljóða og notað til þess hugtökin rím, stuðlar, braglína, hrynjandi og endurtekning
- lesi ítarlega og ræði um eina skáldsögu frá seinni tímum
- kynnist heimi Íslendingasagna með því að lesa og ræða um stutta Íslendingasögu eða Íslendingaþátt

**Tímabil:** 24.08.2015-31.05.2016

**Nafn:** Dagný Rósa Úlfarsdóttir

- rýni í efni dægurtexta, bæði þekktra frá fyrri tímum og texta sem höfða til unglunga

### **Hlustun og áhorf**

- geti hlustað á tiltölulega flókið efni og skráð jafnóðum hjá sér athugasemdir eða minnisatriði
- geti hlustað á frásögn og gert grein fyrir megin- atriðum hennar munnlega eða skriflega
- tileinki sér viðeigandi framkomu þegar hlustað er t.d. á upplestur eða frásagnir

### **Lestur**

- afli sér heimilda á bókasafni og á tölvutæku formi til frekari úrvinnslu
- geti nýtt sér orðabækur og aðrar handbækur til að auka orðaforða sinn og efla lesskilning
- lesi nokkrar bækur að eigin vali
- geti fundið afþreyingarefni við sitt hæfi á heimili sínu, bókasafni og Netinu
- taki þátt í umræðu um lesna texta

### **Málfræði**

- geti nýtt sér málfræðilegar leiðbeiningar í námsgögnum, þ.m.t. í erlendum málum sem kennd eru í grunnskóla
- fái ríkuleg tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt, t.d. með myndagátum, krossgátum, þrautum, ýmiss konar orða- og málleikjum, nýyrðasmíð og máli unglunga
- geti notað handbækur um íslenskt mál og skilið útskýringar á hugtökum sem þar er að finna
- skilji hugtökin setning, málsgrein og efnisgrein og geti nýtt sér þau í sambandi við greinarmerkjasetningu, leiðréttingar og frágang texta
- átti sig á því hvernig orðum er skipt eftir merkingarlegum og formlegum einkennum í fallorð, sagnorð og óbeygjanleg orð
- öðlist áhuga á að vanda mál sitt sem best og láta það hæfa aðstæðum hverju sinni

### **Ritun**

- fái uppbyggjandi gagnrýni frá ýmsum aðilum á eigin texta og vinni úr henni
- vinni úr ýmsum heimildum og læri undirstöðuatriði heimildarritunar
- geti nýtt sér útskýringar í orðabókum og kennslubókum og leiðréttingarforrit þegar hann er í vafa um rithátt einstakra orða
- nái tókum á eðlilegri byggingu ritaðs máls
- nái valdi á stafsetningu og þekki flestar reglur um greinarmerkjasetningu
- geti tekið glósur í námi sínu
- geti gengið frá eigin texta, m.a. bréfum, umsóknum, ritgerðum og lýsingum, á lýtalausan

hátt

- geti nýtt sér tölvu við ritun/ritvinnslu og geti gengið frá efni á tölvutæku formi
- öðlist góða tilfinningu fyrir setningaskipan og skiptingu texta í málsgreinar og efnisgreinar

### **Talað mál & framsögn**

- þjálfist í samræðum í litlum hópum um tiltekin málefni
- geti tjáð sig frjállega frammi fyrir skólafélögum sínum, t.d. á fundum eða samkomum
- þjálfist í að taka þátt í samræðum um tiltekin málefni og komast að niðurstöðu
- öðlist sjálfsöryggi í framsögn og framkomu með margvíslegum verkefnum

### **Námsgögn**

- Tungutak 2
- Tungufoss 2
- Orðhákur 1 og 2
- Grettissaga
- Skólavefurinn
- Kennsluforrit af nams.is

### **Kennsluaðferðir**

---

#### **Bein kennsla**

Farið yfir námsefnið og helstu áhersluatriði tekin fyrir á töflu.

#### **Hópverkefni**

Lögð verður áhersla á að nemendur lesi ýmis verkefni í sameiningu og þjálfist þannig í samvinnu og læri hver af öðrum.

#### **Ritun**

Nemendur vinna markvisst að því að auka ritunarhæfni sína með fjölbreyttum ritunarverkefnum.

#### **Umræður**

Rætt verður um það efni sem er til umfjöllunar hverju sinni og nemendur

### **Námsmat**

---

#### **Sjálfstæð verkefni**

Nemendur vinna verkefni eftir áhugasviðum, gildir 10-15% af annareinkunn

#### **Mat á frammistöðu í tímum**

Framlag í tímum/þátttaka í umræðum gildir 15% af annareinkunn

#### **Skriflegt próf**

Stafsetning 10%

Skriflegt próf úr málfræðiatríðum og lesnum sögum gildir 50-55%

#### **Annað mat**

Mat á ljóðanámi, gildir 10%

hvattir til að leggja sitt til málanna.

**Utanbókarnám**

Nemendur læra ljóð utanbókar, 10 á haustönn og 10 á vorönn.

**Vinna með ólíka miðla**

Framsetning efnis á mismunandi hátt

**Þjálfunarforrit**

Notuð til að þjálfa m.a. stafsetningu og málfræði

# NÁMSÁÆTLUN

**Heiti áætlunar:** Íþróttir

**Hópur:** 9. bekkur

Prepamarkmið úr Aðalnámskrá

## Skólaíþróttir

### Félagsþroski - tilfinningaþroski - siðgæðisþroski

- taki þátt í hópverkefnum sem innihalda samvinnu af ýmsum toga, s.s. ratleikjum, hóp- eða liðakeppni
- fái upplýsingar og kynningu á möguleikum til að stunda íþróttir hjá íþróttafélögum í heimabyggð eða næsta nágrenni
- fái hvatningu til frekari íþróttaiðkunar
- þjálfist í að skipuleggja og taka þátt í samstarfsverkefnum, s.s. dansi og danssýningum, spuna og skapandi hreyfingu, gönguferðum, íþróttasýningum

### Líkamsþroski - fagurþroski

- þjálfist í æfingum og leikjum sem efla líkamspól, s.s. 2000 m hlaupi, hraðaleikjum, ratleikjum
- þjálfist í æfingum sem efla kraft, s.s. styrkjandi og mótandi æfingum fyrir helstu vöðvahópa líkamans, handstöðu og klifri í köðlum, langstökki án atrennu, að nota eigin líkamspunga til kraftþjálfunar, að nota létt áhöld og lóð til kraftþjálfunar
- taki stöðluð próf til að meta eigin líkamshreysti, s.s. sérhæft þolpróf, 2000 m hlaup, kraftpróf, langstökk án atrennu, liðleikapróf, próf sem kennari velur
- þjálfist í æfingum sem efla hraða og viðbragð, s.s. æfingum sem stuðla að réttri beitingu mismunandi líkamshluta, leikjum af ýmsum toga, 100 og 200 m hlaupi
- beiti réttri tækni við vöðvateygjur og liðkandi æfingar

### Skynþroski - hreyfiþroski

- fái fjölbreytta hreyfireynslu af íþróttum og heilsurækt utan- sem innanhúss
- fái nýja hreyfireynslu sem snýr að þátttöku í íþróttum eða hreyfingu, s.s. fjallgöngu, hjólreiðum, gömlum dönsum

### Vitsmunþroski

- öðlist viðtæka þekkingu á gildi heilbrigðra lífshátta, s.s. með tilliti til næringarþarfa, orkuþarfa
- öðlist grunnþekkingu á nokkrum hugtökum þolþjálfunar, s.s. þjálfunarpúls, hvíldarpúls, hámarkspúls, loftháðri þolþjálfun, loftfirrðri þolþjálfun
- þjálfist í notkun ýmiss konar útbúnaðar og klæðnaðar vegna útivistar
- læri helstu reglur og átti sig á leikfræði helstu íþróttagreina

## Námsgögn

- Ýmis íþróttáhöld

**Tímabil:** 25.08.2015-27.05.2016

**Nafn:** Finnbogi Guðmundsson

## Kennsluaðferðir

---

### Hreyfing

Nemendur hreyfa sig í tímanum

### Sýnikennsla

Kennari sýnir og nemendur gera eins og kennarinn.

### Verklegar æfingar

Nemendur fá fyriræli um hvað á að gera og framkvæma síðan æfinguna.

## Námsmat

---

### Mat á frammistöðu í tímum

Metið verður eftir hegðun, áhuga og virkni í tímum og gildir það 40 % af heildareinkunn.

### Frammistöðumat

Frammistöðumat verður 60 % af heildareinkunn og mun skiptast í þolpróf 40 % hreystipróf 60 %

# NÁMSÁÆTLUN

---

Heiti áætlunar: Samfélagsfræði

Hópur: 9. bekkur

Áfangamarkmið úr Aðalnámsskrá

## Landafræði

### Kort og myndir

- þekkja muninn á korti í stórum og litlum mælikvarða
- þjálfast í framsetningu landfræðilegra gagna, t.d. hvernig upplýsingar um hitafar og úrkomu tiltekins staðar í eitt ár má setja fram á loftslagsriti eða hvernig aldurs- og kynskipting fólksfjölda birtist í aldurspíramída
- læra að þekkja og bera saman ólík svæði í heiminum út frá upplýsingum af kortum og geta rætt um hvaða þættir hafa áhrif á lífsskilyrði fólks og staðarval
- læra um möguleika nútímaupplýsingatækni til öflunar og framsetningar landfræðilegra upplýsinga
- fá yfirsýn yfir hvað litir, letur og tákn merkja á landakortum

Lokamarkmið úr Aðalnámsskrá

## Landafræði

- 
- kanni valin svæði á yfirborði jarðar með áherslu á heimabyggðina, Ísland, Norðurlönd, Evrópu, heimsálfur og heiminn í heild
- þekki nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja
- þekki tilurð og notkun margs konar landfræðilegra upplýsinga eins og loftmynda, korta, taflna og grafa
- geti metið nýtingu og gildi verndunar auðlinda og umhverfis

Tímabil: 18.09.2015-18.10.2015

Nafn: Helga Gunnarsdóttir



- þekki einkenni svæða allt frá heimabyggð til fjarlægari staða með tilliti til landslags, gróðurs, auðlinda, búsetu og menningar

### **Samfélagsfræði**

- þekki mun á náttúrulegum og manngerðum verðmætum
- kynnist og kunnir skil á því hvernig samspil manns og náttúru hefur þróast og hvernig sú þróun kemur t.d. fram í skipulagi samgangna og samfélags og ólíkum lífsháttum og lífskjörum fólks

### **Prepamarkmið úr Aðalnámskrá**

#### **Landafræði**

##### **Kort og myndir**

- læri að lesa úr og búa til aldurspíramída
- skynji mikilvægi upplýsinga á kortum við staðarval t.d. verslunarmiðstöðvar og tengsl þeirra við samgöngur og íbúabyggð
- þekki á heimskorti nöfn og legu heimsálfanna, úthafanna, stærstu fjallgarða og mestu fljóta jarðar auk legu miðbaugs, heimskautsbauga, póla, daglínu og núlllengdarbaugsins
- læri að lýsa mynstri árstíðabundins meðalhita og meðalúrkomu á Íslandi á þemakorti eða loftslagslínuritum
- læri að bera saman ólík svæði í heiminum út frá upplýsingum af kortum og ræði um hvaða þættir hafi áhrif á lífsskilyrði fólks

##### **Ríki heims**

- átti sig á ástæðum þess að fólk flytur, t.d. vegna óskar um betra húsnæði, það skiptir um starf, flýr faraldra, stríð eða ofsóknir
- læri að útskýra mismun á aldurs- og kynjaskiptingu fólksfjölda eftir borgum, svæðum, löndum og heimshlutum og gera grein fyrir hvaða áhrif munurinn hefur á þjónustu í samfélagi með hátt hlutfall aldraðra í samanburði við samfélag með hátt hlutfall ungs fólks
- skilji hvernig náttúrufar hefur áhrif á athafnir fólks og hvernig mismunandi menningarleg gildi, trúarleg viðhorf og tæknileg, efnahagsleg og pólitísk kerfi geta mótað umhverfið á ólíka vegu
- þekki helstu atvinnuvegi jarðarbúa og hvernig náttúran sniður atvinnulífi hvers lands stakk og setur því skorður
- átti sig á hvernig daglegt líf og efnahagur fólks í þróunarlandi stýrist af náttúruöflunum í ríkari mæli en í iðnríki
- kynnist megindráttum efnahagslífs þjóða, tengslum þess við nýtingu náttúruauðlinda og skiptingu heimsins í ríkar þjóðir og fátækar
- kynnist vandamálum fólksfjölgunar og ójafnrar dreifingar mannfjöldans, þar með talið vaxandi borgvæðingu
- átti sig á merkingu hugtaksins sjálfbær þróun
- þjálfist í að rökræða ágreining t.d. um staðarval stóriðju eða landnotkun innan þéttbýlis
- kynnist áhrifum breyttra atvinnuhátta á það hvar fólk býr og samskipti þess
- kynnist dæmum um alþjóðlegar aðgerðir til að bæta líf fólks í þróunarlöndum
- læri að útskýra mismun á aldurs- og kynjaskiptingu fólksfjölda eftir borgum, svæðum, löndum og heimshlutum og gera grein fyrir hvaða áhrif munurinn hefur á þjónustu í samfélagi með hátt hlutfall aldraðra í samanburði við samfélag með hátt hlutfall ungs fólks

### **Námsgögn**

---

- Um víða veröld Heimsálfur

## Kennsluaðferðir

---

### **Bein kennsla**

Bein kennsla er notuð í upphafi hvers kafla þegar verið er að fjalla um nýtt efni áður en umræður og verkefnavinna hefst. Það á að auðvelda nemendum að skilja efnið.

### **Heimildarvinna**

Nemendur vinna heimildarvinnu um eitt ákveðið land einu sinni á skólaárinu. Það er til þess að dýpka þekkingu þeirra á viðkomandi landi, menningu og þjóð.

### **Hópverkefni**

Hver hópur tekur fyrir hluta af efni kennslubókarinnar og vinnur uppúr honum kynningu sem flutt verður fyrir hópinn.

### **Umræður**

Efnið er rætt samhliða lestri og vinnu til þess að auka skilning og þekkingu á efninu.

## Námsmat

---

### **Skriflegt próf**

Báðar annir taka nemendur skriflegt próf sem gilda 40% af lokaeinkunn.

### **Mat á frammistöðu í tímum**

Virgni og þátttaka í tímum er metið til einkunnar og gildir 10% hvora önn.

### **Ritgerð**

Vorönn gera nemendur heimildaritgerð um eitt ákveðið land sem gildir 20% af lokaeinkunn.

### **Kannanir**

Á vetrarönn verða tvær kannanir úr lesefninu og gildir hvor um sig 15% af lokaeinkunn.

Á vorönn verður ein könnun úr lesefninu sem gildir 10% af lokaeinkunn.

### **Vinnubók**

Verkefni sem nemendur vinna úr námsefni gildir 20% af lokaeinkunn hvorrar annar.

**Heiti áætlunar:** Stærðfræði

**Hópur:** 9. bekkur

**Prepamarkmið úr Aðalnámskrá**

**Tímabil:** 24.08.2015-31.05.2016

**Nafn:** Elva Þórisdóttir

---

## **Stærðfræði**

### **Hlutföll og prósentur**

- vinni með mælikvarða og hlutföll
- öðlist færni í prósentureikningi þar sem finna þarf prósentu, hluta og heild og geti reiknað breytingar og mismun í hundraðshlutum
- skipti stærðum í margvíslegum hlutföllum

### **Lausnir verkefna og þrauta**

- æfist í að nota jöfnur til að leysa þrautir
- fáist við verkefni og þrautir þar sem lausnarleiðir eru ekki augljósar fyrir fram; þrautirnar geti falið í sér ólíkar samsetningar rúmfræðihugtaka, talna og rökhugsunar

### **Mynstur og algebra**

- vinni áfram að lausn á fyrsta stigs jöfnum með einni óþekktri stærð með áherslu á rökrétta notkun jafnaðarmerkis
- noti algebra til að tákna samband stærða með formúlum, t.d. í rúmfræði eða verslunarreikningi, og hafi innsýn í hvernig breyting á einni stærð hefur áhrif á aðrar stærðir
- leysi orðadæmi með því að setja upp og leysa fyrsta stigs jöfnur með einni óþekktri stærð

### **Reikniaðferðir, reiknikunnátta og mat**

- vinni með veldi sem endurtekna margföldun, deilingu sem endurtekinn frádrátt og deilingu sem skiptingu
- venjist því að nota hugarreikning til að meta trúverðugleika útkomu sem fengin er með öðrum hætti, t.d. með töflureikni
- öðlist leikni í reikniaðgerðum með ræðum tölum, viti hvenær finna þarf samnefnara og hvenær ekki og hvers vegna
- þrói með sér leikni í að reikna samsett dæmi af ýmsu tagi og hafi fullt vald á forgangsröð aðgerða
- vinni með formerkjareglur um reikninga með neikvæðum tölum

### **Rúmfræði**

- þjálfist í aðferðum við hornamælingar, hornaútreikninga, flatarmáls- og ummálsreikninga, bæði marghyrninga og hringa
- reikni rúmmál og yfirborðsflatarmál réttra strendinga, þrístrendinga og sívalninga
- tileinki sér regluna um hornasummu þríhyrnings og noti regluna til að finna hornasummur marghyrninga
- noti hringfara og reglustiku til að finna miðju striks, teikna horn og tvískipta horni
- vinni með réttthyrnt hnitakerfi í sléttum fleti, hnit punkta, fjarlægðir milli þeirra og læri að finna hnit miðpunkts striks

### **Tengsl stærðfræði við daglegt líf og önnur svið**

- setji upp töflu, t.d. í töflureikni, og jöfnu fyrir rétt hlutfall úr daglegu lífi, t.d. orkuneyslu heimilistækja, og teikni graf sem sýnir þetta samband

## Tölfræði og líkindafræði

- kynnist hugtakinu úrtak
- noti tölvuforrit, t.d. gagnagrunna og töflureikna, til að vinna með tölfræðileg gögn
- vinni með og skilji hugtökin tíðni, hlutfallstíðni, tíðnidreifing, meðaltal, tíðasta gildi og miðgildi

### Námsgögn

- Almenn stærðfræði II
- Átta-Tíu 3 og 4
- Vinkill II
- Leikni
- Vefsíður
- Annað ítarefni

### Kennsluaðferðir

---

#### Bein kennsla

Verður notuð þegar leggja á inn nýja námsþætti, skerpa á efni sem áður hefur verið tekið fyrir eða þegar leysa á sameiginleg viðfangsefni. Bein kennsla frá töflu er aðeins lítill hluti kennslunnar.

#### Hópverkefni

Annað slagið eru kennslustundir skipulagðar þannig að nemendur vinna saman í pörum eða stærri hópum. Svona verkefni geta verið hluti af námsmati.

#### Umræður

Nemendur eru þjálfaðir í umræðum um stærðfræðileg málefni og læra þannig að beita stærðfræðilegum hugtökum.

#### Utanbókarnám

Ætlast er til að nemendur kunnir utanbókar margföldurnartöfluna svo og

### Námsmat

---

#### Kannanir

Eftir hvern kafla/lotu er kaflapróf. Kaflaprófin gilda 30% af lokaeinkunn annarinnar.

#### Mat á frammistöðu í tímum

Vinna nemenda í tímum, frágangur, vinnusemi, þátttaka í umræðum og þessháttar gildir 10% af lokaeinkunn annarinnar.

#### Heimapróf

Á um það bil tveggja vikna fresti fá nemendur verkefni (svokölluð skilaverkefni) sem þeir eiga að vinna heima. Þessi verkefni gilda samanlagt 20% af lokaeinkunn annarinnar.

#### Yfirlitspróf

Yfirlitspróf er próf sem nemendur taka í lok annar og er það byggt á því semendur hafa lært á önninni. Þetta próf gildir 40% af lokaeinkunn annarinnar.

einfaldar formúlur s.s. flatarmáls- og ummálsformúlur í rúmfræði.

### **Þjálfunarforrit**

Þónokkur áhersla verður lögð á að nemdur þjálfí nýlærða þætti stærðfræðinnar í þjálfunarforritum á netinu. Þau forrit sem mest verður unnið með eru ixl.com, stodkennarinn.is, rasmus.is og skólavefurinn.is.

### **Þrautalausnir**

Nemendur fá þjálfun í að leysa ýmsar stærðfræðiþrautir með mismunandi aðferðum, s.s. með teikningum.

---

### **Annað**

Námsefninu er skipt upp í lotur (sjá kennsluáætlun sem nemendur fá). Nemendur vinna í námsefni sem hæfir þeirra getu. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð ásamt góðum frágangi og uppsetningu. Heimavinna getur hvort heldur er verið að vinna upp ef nemandi er á eftir áætlun eða þjálfunarverkefni í bókum eða neti. Reglulega fá nemendur heimaverkefni sem gildir til einkunnar.

# NÁMSÁÆTLUN

**Heiti áætlunar:** Sund

**Hópur:** 9. bekkur

Prepamarkmið úr Aðalnámskrá

**Skólasund**

## **Félagsþroski - tilfinningaþroski - siðgæðisþroski**

- þjálfist í verkefnum sem ná til hvatningar til áframhaldandi sundiðkunar
- þjálfist í leikjum sem efla félagslega samvinnu
- átti sig á því hvaða íþrótt eða líkams- og heilsurækt henti sér best út frá getu og áhuga

## **Líkamsþroski - fagurþroski**

- taki þátt í sundþjálfun til að sýnda ákveðnar vegalengdir innan ákveðinna tímamarka, 100 m bringusund þar sem tímalágmark er fyrir drengi: 2 mín. 20 sek., stúlkur: 2 mín. 25 sek.
- þjálfist í að geta synt 500 m viðstöðulaust með frjálsri aðferð
- taki þátt í markvissri sundþjálfun sem líkams- og heilsurækt
- taki þátt í sundþjálfun til að sýnda ákveðnar vegalengdir innan ákveðinna tímamarka, 25 m baksund þar sem tímalágmark er fyrir drengi: 32 sek., stúlkur: 34 sek.
- taki þátt í sundþjálfun til að sýnda ákveðnar vegalengdir innan ákveðinna tímamarka, 50 m skriðsund þar sem tímalágmark er fyrir drengi: 60 sek., stúlkur: 62 sek.

## **Skynþroski - hreyfiþroski**

- nái tókum á nákvæmri útfærslu í 8 m kafsundi
- þjálfist í fatasundi eftir stungu af bakka og 50 m sundi, þar af 6-8 m kafsundi, nemandi þarf að troða marvaða, afklæðast á sundi og sýnda til baka sömu vegalengd
- nái tókum á nákvæmri útfærslu í 75 m þrisundi, baksundi, bringusundi, skriðsundi
- kynnist og nái grundvallarfærni í ýmsum möguleikum sundíþróttum, s.s. flugsundi með og án hjálpartækja, skriðsundi og snúningum við bakka, baksundi og snúningum

## **Vitsmunþroski**

- öðlist þekkingu á tengslum markvissrar þjálfunar og árangurs í sundi
- læri helstu reglur sundíþróttar sem hér á landi eru stundaðar

**Tímabil:** 25.08.2015-27.05.2016

**Nafn:** Finnbogi Guðmundsson

Kennsluáðferðir

**Sýnikennsla**

Námsmat

**Frammistöðumat**

Kennari sýnir og nemendur gera eins og kennarinn.

**Verklegar æfingar**

Nemendur fá fyrirmæli um hvað á að gera og framkvæma síðan æfinguna.

Nemendur taka sundpróf og í námsáætlunni stendur hvað nemendur þurfa að gera.

# NÁMSÁÆTLUN

**Heiti áætlunar:** Upplýsingatækni8/9

**Hópur:** 9. bekkur

Áfangamarkmið úr Aðalnámsskrá

**Tímabil:** 28.09.2015-31.05.2016

**Nafn:** Dagný Rósa Úlfarsdóttir

## Tölvunotkun

### Beiting tölva

- hafa sett fram eigið efni á vef og vera fær um að meta gæði efnis sem sett er fram á þann hátt
- hafa notað tölvupóst til að koma fyrirspurn til opinberra aðila, fyrirtækja eða stofnana
- hafa notað töflureikni til margþættra útreikninga

### Tölvulæsi

- geta notað upplýsingatækni, s.s. rafrænar glærur og margmiðlun, til að flytja fyrirlestur
- geta sett upp og viðhaldið vefsíðu
- geta valið og notað viðeigandi tölvubúnað til að koma upplýsingum á framfæri

### Viðhorf

- hafa skilning á gildi tölvutækni sem miðils í lýðræðisþjóðfélagi
- hafa mótaða skoðun á gildi tölvutækni í viðhaldi eigin menntunar

## Upplýsingamennt

### Menningarlæsi

- skilja þýðingu höfundarréttar og þekkja inntak laga um höfundarrétt og persónuupplýsingar
- hafa mótaða skoðun á gildi upplýsingatækni í viðhaldi eigin menntunar

### Tæknilæsi

- hafa náð góðum tókum á blindskrift og réttri líkamsbeitingu við tölvuvinnu
- geta notað pósthótt og netfundi til samskipta og samstarfs við aðra um tölvunet, innanlands og erlendis
- hafa haldgóða þekkingu á upplýsingaveitum á Netinu

### Upplýsingalæsi

- kunna að afla heimilda; það felur í sér að nemendi geti metið eigin niðurstöður
- kunna að afla heimilda; það felur í sér að nemendi geti flokkað og metið þær á gagnrýninn hátt með tilliti til áreiðanleika þeirra
- kunna að afla heimilda; það felur í sér að nemendi geti gert grein fyrir niðurstöðum sínum með miðlum upplýsingatækninnar
- geta leitað að tímaritsgreinum og dagblaðsgreinum
- kunna flókna leit í mismunandi leitarvefjum



- Efni af vef mms.is - upplýsingatækni á unglingsstigi
- Google kerfið
- Office

#### Kennsluáferðir

---

**Bein kennsla**

**Heimildarvinna**

**Sýnikennsla**

**Upplýsingartækni**

**Verklegar æfingar**

**Viðfangsefni tengd daglegu lífi**

Námsmat

---

**Mat á frammistöðu í tímum**

#### Annað

Nemendur læra að nýta sér Google kerfið, senda póst, nota Drive og vinna saman í skjölum og deila á milli,

Nemendur læra grunnatriði í forritun á [scratch.mit.edu](http://scratch.mit.edu) með hjálp frá myndböndum á [mms.s](http://mms.s)

Nemendur æfa ýmis atriði í Officepakkanum.

**Heiti áætlunar:** Lífsleikni

**Hópur:** 9. bekkur

**Prepamarkmið úr Aðalnámskrá**

### **Lífsleikni**

**Tímabil:** 24.08.2015-31.05.2016

**Nafn:** Dagný Rósa Úlfarsdóttir og Helga Gunnarsdóttir

#### **Samfélag, umhverfi, náttúra og menning**

- læri að meta ráðstöfun eigin tekna með tilliti til nauðsynja og annarra útgjalda
- þekki ýmis lög og reglur sem taka til samskipta manna
- geti sýnt ábyrga hegðun í ferðum á vegum skólans
- viti um námstilboð skólans fyrir 9. og 10. bekk og hvert hann geti leitað eftir ráðgjöf um námsval og læri að nýta sér upplýsingatækni í því skyni
- þekki almennar umferðarreglur og umferðarmerki og nauðsyn þess að sýna ábyrga hegðun í umferðinni
- geti metið hvaða skyldur og ábyrgð hann ber gagnvart samborgurum sínum og efli með sér borgaravitund
- þekki hættur samfara neyslu ávana- og fíkniefna
- sé meðvitaður um félagslega og siðferðilega ábyrgð sem neytandi
- hafi tileinkað sér ábyrg sjónarmið og umgengni við nánasta umhverfi sitt og náttúru landsins
- kunni skil á einföldum launaseðlum og skilji reikningsyfirlit
- geti nýtt sér helstu fjölmiðla og lagt mat á fréttáflutning

#### **Sjálfsþekking, samskipti, sköpun og lífsstíll**

- átti sig á að einstaklingar eru stöðugt að miðla tilfinningum sín á milli og láta þannig í ljós líðan sína og hugarástand
- öðlist skilning á að einstaklingar geta upplifað og túlkað áreiti í umhverfinu með ólíkum hætti
- læri að skilja hvernig fjölmiðlar skapa lífsstíl sem endurspeglast meðal annars í tilteknum kynhlutverkum og líkamsfyrirmyndum
- geti tjáð og fært rök fyrir hugsunum sínum og skoðunum á formlegum fundi
- læri að vega og meta langanir sínar og væntingar á raunhæfan hátt til að geta sett sér persónuleg markmið
- geri sér grein fyrir hlutverki laga og reglna í persónulegum og ópersónulegum samskiptum einstaklinga, t.d. innan fjölskyldu, í skóla, á vinnustað og á milli einstaklinga af ólíku þjóðerni
- geti fundið lausnir á margvíslegum úrlausnarefnum sem upp kunna að koma í daglegu lífi
- skynji félagslegar aðstæður til að geta metið hvort og hvernig hann gerist þátttakandi í þeim, t.d. að standast þrýsting til að gera eitthvað gegn betri vitund
- verði meðvitaður um rétt sinn til að halda draumum sínum og skoðunum fyrir sjálfan sig og rækta lífsgildi á eigin forsendum
- styrkist í að vernda persónuleg og tilfinningaleg mörk sín gegn óæskilegu áreiti og misbeitingu
- læri að vega og meta hvort einhver samskipti og hegðun falli utan þess ramma sem lög og reglur setja
- geti sett sér raunhæf markmið til að stefna að í lífinu

- nýti ráðgjöf um náms- og starfsleiðir
- sé meðvitaður um ábyrgð og leiðsögn foreldra í mótun lífsgilda þeirra
- sé meðvitaður um ábyrgð og leiðsögn foreldra í uppeldi barna sinna
- sé meðvitaður um að siðvit og ábyrgð, gagnkvæm virðing og persónuréttur eru helstu mælikvarðar á siðferði og kynhegðun hvers og eins
- sé meðvitaður um jafnréttis- og mannréttindahugsjónir sem leiðarljós í öllum samskiptum

#### Námsgögn

- Ýmis gögn frá kennurum, s.s.
- fræðslumyndir, fyrirlestrar, umræðuverkefni.

#### Kennsluaðferðir

---

**Bein kennsla**  
**Fræðslumyndir**  
**Fyrirlestrar**  
**Hópverkefni**  
**Umræður**  
**Vettvangsferðir**

#### Námsmat

---

**Mat á frammistöðu í tímum**

#### Annað

Lífsleikni á ungligastigi er jafnan kennd af 2 kennurum, stundum allur hópur saman og stundum skipt í minni hópa. Fengist er við viðfangsefni tengd daglegu lífi, sem og ýmsum viðfangsefnum sem tengjast einstaklingnum í samfélagi með öðrum einstaklingum.